

ORKUSTOFNUN
JARDHITADEILD

BRÁÐABIRGÐASKÝRSLA UM JARDHITANN Í KRÝSUVÍK OG
TRÖLLADYNGJU

Eftir

Jón Jónsson

Júlí 1967

Bráðabirgðaskýrsla um jarðhitann í Krýsuvík og Trölladyngju

Inngangur

I þessari skýrslu verða tekin til meðferðar aðeins þau atriði í jarðfræði þessara svæða, sem snerta jarðhita, en fullnáðarskýrslu er að vœnta þegar kortlagningu svæðanna er lokis og búið verður að vinna úr því efni, sem safnað hefur verið.

Krýsuvík

Jarðhitasvæðið í Krýsuvík, sem talist getur sem samfellt hitasvæði, er um 6 km á lengd og 2,5 á breidd. Þó verulegs jarðhita verði ekki alls staðar vart á yfirborði á þessu svæði, er ummyndun berggrunnsins af völdum jarðhita óslitin á því öllu, þó nokkuð sé hún miðmunandi mikil. Að austan er aðal ummyndunin takmörkuð af línu, sem hugsað dregin austanhallt við Geithöfða og með stefnu á austurenda Bemjarfellsins. Að sunnan verður ummyndunar á yfirborði lítt vart eftir að kemur suður fyrir Grænavatn. Má telja að ummyndað berg sé ekki fyrir hendi á yfirborði. Suðurtakmörk hins ummyndaða svæðis liggur þaðan nokkurn veginn beint vestur yfir Sveifluháls. Þaðan beygja þau norður á við norður og vestur yfir Vesturháls. Hverinn eini og jarðhita- og ummyndunarsvæðið í Oddafelli mynda vestur og norðvestur takmörkin. Lambafell norður af Trölladyngju er nyrsti staðurinn. Koldunámur vestan í Sveifluhálsi er gömul hitaskella.

Dragi maður takmörkin svona fæst svæði, sem í stórt séð er hringlaga og með radius um 4 km. Miðdepill þess svæðis varí þá rétt sunnan við Hofmannaflöð vestan undir Sveifluhálsi. Það skal tekið fram, að jarðhiti er norð-austan undir Sandfelli, og þeim hann og eins allmikil ummyndun sunnar á Vesturhálsi koma utan við þetta svæði.

Að yfirborði eru hverirnir greinilega tengdir sprungum og misgengjum. Fannig er um Austurengjahveri, hverina í Hveradal og Seltún og viðar. Á Trölladyngjusvæðinu er þetta á sama hátt. Ummyndað berg er vestan í Sveifluhálsi á breiðu svæði og eins austan í Vesturhálsi gegnt því, en dalurinn milli hálsanna er þakinn ungum hraunum, og sér þar því ekki til ummyndunar. Það virðist því vera svo, að ummyndað berg tengi saman jarðhitasvæðin í Krýsuvík og Trölladyngju, og virðist því ekki óeblilegt að líta á Krýsuvíkur- og Trölladyngjusvæðið sem eitt og sama hita-svæði.

Segulmælingar, sem Þorbjörn Sigurgeirsson, prófessor, hefur gert úr þyrlu eftir línu frá Krýsuvíkurbergi þvert yfir Sveifluháls og Vesturháls að Kálfatjörn, virðast mér fremur renna stöðum undir þessa skoðun.

Boranir í Krýsuvík

Jarðboranir virðast hafa byrjað í Krýsuvík haustið 1941. Voru fyrst boraðar 3 holur suður af Kleifarvatni á línu frá nyrzta hvernnum og suður að Austurengjahver. ~~H~~ Hola / varð 90 m djúp og 90° heit í botni. Hola þessi er utan í bardí rétt sunnan við suðurenda vatnsins.

Næsta hola var borð um 440 m sunnar og í stefnu á Austurengjahver. Hiti reyndist þar 100°C á 12 m dýpi. Á 130 m dýpi sprakk hitamælir, sá eini er þá var til fyrir svo háan hita. Holan varð 145 m djúp og var álit Steinþórs Sigurðssonar, að hitastigið hafi verið yfir 120°C .

Þriðja holan var svo borð um 300 m sunnan við holu 2. Hún varð 132 m djúp, og var hiti á botni talinn vera $90 - 100^{\circ}\text{C}$, en hámarkshitamælir fyrir svona háan hita var þá ekki til á landinu.

I byrjun október 1946 er tekið til að bora við Austurengjahver. Hverinn, sem nú gengur undir því nafni, kom í jarðskjálftum 1924, og var þá nefndur Nýihver, en Austurengjahverir voru nefndir leirhverirnir þar norður af. Síðar hefur nafn þas færst yfir á syðsta hverinn á þessari línu, sem jafnframt er stærsti hver í Krýsuvík.

Holan, sem borð var rétt við hverinn, varð 37 m djúp, og varð að hætta við hana vegna hruns. Eftir þetta var tekið til við boranir við Seltún. Þær holur, sem nú hafa verið nefndar, voru allar boraðar með Sullivanbor, en síðar kom höggbor, sem notaður var á þessu svæði og var borað ýmist í Seltúni eba Hveradal.

Sameiginlegt þessum borunum öllum er að þær voru gerðar af miklum vanefnum og við byrjunarörðugleika, sem okkur virðast nú næsta ótrúlegir. Fyrir borunum þessum stóð Rafveita Hafnarfjarðar. Skýrslu vantar um nokkurn hluta af þessum borunum og munu þær hafa verið í fórum borstjórans, sem fórst er Hótel Island brann.

Meiri háttar boranir voru svo gerðar í Krýsuvík 1960 og þá með gufubornum og síðar ein hola í Hveradal, sem borð var með Mayhew bor 1964. Þí hola er 299 m. I því dýpi kom gufugos. Gufuborsholurnar eru 3 og 1275, 1220 og 329 m djúpar.

Þær eru allar austan undir Svæðifluhálsi og svo að segja í röð. Af þeim orsökum gefa þær mjög takmarkaðar upplýsingar um svæðið í heild. Hitamalingar í þessum holum sýna, að borað hefur verið í gegnum hámarkshítann, sem parna hefur fundist, en markmið rannsóknarborana hlyttur að vera að finna aðal uppstreymisstað hvers hitasvæðis. Frá því sjónarmiði séð mundi ég vilja líta svo á, að fyrri boranir í Krýsuvík veru lítil virði sökum þess hvað grunnar þær eru, en þær síðari vegna óheppilegra staðsetninga.

Úr þessu væri nokkuð bætt með einni djúpri holu (a.m.k. 500-600 m) austantil á svæðinu. Að það skal og bent í þessu sambandi, að hverir eru úti í Kleifarvatni norður af Geithöfða, allstórt svæði skammt frá landi, í víkinni austur af Lambatanga og austur af Syðri Höfða, þar sem vatnið er hvað dýpst. (Sbr. skýrslu Guðmundar Pálasonar og Jóns Jónssonar um jarðhitasvæði á Íslandi með tilliti til hagnýtingar til húshitunar. Janúar 1966).

Trölladyngja.

Á svæðinu umhverfis Trölladyngju kemur verulegur hiti fyrir á fjórum stöðum: í svonefndum Sogum, í Lambafelli, Oddafelli og norðan undir Trölladyngju sjálfri. Það svæði nær raunaraðum næstum því norður að Lambafelli og skilur hitasvæðin sennilega ekki annað en ungt hraun á yfirborði. Hverinn eini er suður af Oddafelli. Það er lítið gufuauge en var lengi með meiri gufuhverum á Suðvesturlandi. Loks er hitasvæði norðaustur af Sandfelli. Það eru gufuugu á svæði sem er um 150 x 200 m. Það er í hrauni og sennilega er nokkuð djúpt á grunnvatn. Alls engar boranir hafa verið gerðar á Trölladyngjusvæðinu, og hitamalingar eru ennþá lítið gerðar þar.

Ummyndun er þar mikil, sérstaklega í Sogum, og narár hit ummyndaða svæði austur á Djúpavatni, en austan við það taka hraunin við, eins og áður er getið.

Þar sem Trölladyngjusvæðið hefur ekki ennþá verið kannad með borunum varður að teljast aðkallandi að gera þar rannsóknarboranir. A Krýsuvíkur og Trölladyngjusvæðinu er aðskilegt að geta borað niður í a.m.k. 500-600 m því ella má svo fara að borunin gefi ekki þær upplýsingar, sem eftir er leitað.

Heppilegt væri að bora í fyrstu umferð tvar holur á Trölladyngjusvæðinu og eina í Krýsuvík. Jarðhitadeild er tilbúin að staðsettja þessar holur nú þegar.

Jarðfræðileg kortlagning Krýsuvíkur og Trölladyngju-svæðisins liggur að miklu leyti fyrir í handriti. Ðýptarmæling á Djúpavatni liggur fyrir á sama hátt. Kortlagningu verður vœtanlega lokis á þessu sumri.

Til bráðabirgða hafa hverir, laugar og ummyndað berg verið merkt á kort í mælikvarða 1:50000 og má af því glöggva sig nokkuð á hvar jarðhiti er og hefur verið á þessu svæði.

3. júlí 1967

Jón Jónasson